



Minnisblað


Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Staðan á velferðarsviði vegna Covid-19 og áskoranir í þriðju bylgju

Stórar áskoranir hafa komið upp vegna þriðju bylgju Covid-19 faraldursins og velferðarsvið hefur þurft að bregðast við með ýmsum hætti.

Smit komu upp hjá starfsfólki á tveimur íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk um miðjan september og mörkuðu þau upphaf þriðju bylgju Covid-19, sem nú, tveimur mánuðum síðar, er að ganga niður. Í öðru tilfellinu tókst að einangra smit starfsmanns en í hinu tilvikinu smitaðist hluti starfsfólks auk tveggja íbúa. Á nokkrum öðrum starfsstöðum velferðarsviðs hafa komið upp hópsmit í þriðju bylgju, með tilheyrandi álagi á íbúa, notendur þjónustu, starfsfólk og stjórnendur. Smitunum hefur ekki aðeins fylgt mikil

Samtals sóttkví og einangrun eftir starfsstöðvum



vinna heldur einnig mikill lærdómur. Á þeim tæpu tveimur mánuðum sem bylgjan hefur varað hafa 56 starfsmenn verið í einangrun og um 300 starfsmenn í sóttkví. Í hópi íbúa eða notenda þjónustu hafa 16 farið í einangrun og 156 í sóttkví.

Flóknar aðstæður hafa myndast á nokkrum starfsstöðum velferðarsviðs þar sem upp hafa komið Covid-19-smit, til að mynda á íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í Breiðholti við upphaf bylgjunnar, þegar starfsmaður greindist smitaður. Þar tókst að einangra smitið með samstilltu átaki og markvissum aðgerðum. Sambærilegar aðstæður hafa meðal annars komið upp í gistiskýli fyrir heimilislausa karlmenn og á heimili fyrir börn og á öðrum íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk, með tilheyrandi áskorunum. Í þeim tilvikum sem nefnd eru hér á eftir greindust smit í hópi starfsfólksog íbúa.

Íbúðakjarni fyrir fatlað fólk í Grafarvogi

Um miðjan september kom upp smit hjá starfsmanni á íbúðakjarna fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir sem þurfa sólarhringsþjónustu. Strax var gripið til nauðsynlegra aðgerða, með það að leiðarljósi að tryggja að íbúarnir fengju nauðsynlega þjónustu og stuðning við sitt daglega líf. Aðgerðaáætlun var unnin í nánú samstarfi við smitrakningateymi Almanna- og Embætti landlæknis. Fljótt bættist í hóp smitaðra meðal starfsmanna og íbúa, en í heild greindust 11 starfsmenn smitaðir og 16 starfsmenn fóru í sóttkví. Tveir íbúar smituðust og fjórir fóru í sóttkví. Ekki var mögulegt að fara fram á við íbúa að þeir héldu kyrru fyrir á einum stað og því þurfti að koma þeim íbúum sem ekki voru smitaðir í sóttkví annars staðar. Leigður var sumarbústaður og Reykjadalur fenginn að láni. Starfsfólkið, sem margt hvert býr yfir mikilli sérþekkingu og þekkir íbúa vel, var tilbúið að leggja á sig mikla vinnu. Sótt var um vinnustaðasóttkví fyrir það, sem gerði því kleift að vinna meðan á sóttkví stóð. Ýmsar aðrar áskoranir fylgdu hópsmitinu, svo sem þær að erfitt reyndist að taka sýni hjá íbúum. Það tókst með því að nota sögur og myndbönd til útskýringar og með því sýna íbúum hvernig sýnataka fer fram á starfsfólki. Fórnfýsi og samtakamáttur starfsfólks var lykillinn að því að hægt að var að halda úti starfi meðan á sóttkví og einangrun stóð.

Íbúðakjarni fyrir fatlað fólk í Árbæ

Einn íbúi greindist með Covid-19-smit á íbúðakjarna fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir. Á kjarnanum búa fimm einstaklingar en enginn hinna þurfti að fara í sóttkví eða einangrun. Fimm starfsmenn greindust hins vegar með smit og átta fóru í einangrun. Þetta skarð í starfsmannahópnum var leyst með því að leita til fyrrverandi starfsfólks sem þekkir íbúa vel. Starfseminni var skipt upp, þannig að hluti starfsfólks sá alfarið um að veita smituðum íbúum þjónustu, á meðan aðrir sinntu hinum fjórum. Komið var upp salerni fyrir utan húsnæðið.

Íbúðablokk fyrir 60 ára og eldri

Í byrjun nóvember kom upp smit í íbúðablokk fyrir 60 ára og eldri. Í húsinu búa 58 manns. Um eignaíbúðir er að ræða en velferðarsvið rekur félagsmiðstöð í húsinu, auk þess að veita þar fjölda íbúa þjónustu af ýmsu tagi. Alls greindust sjö íbúar í blokkinni með smit og lést einn þeirra á Landspítalanum. Allir íbúar hússins voru settir í sóttkví. Tveir starfsmenn velferðarsviðs reyndust smitaðir og fóru í einangrun. Einn

starfsmaður fór í sóttkví. Félagsmiðstöðinni var lokað en reyndur forstöðumaður af velferðarsviði tók að sér að vera á staðnum og vera íbúum innan handar. Höfð var milliganga um að allir íbúar fengju sýnatöku, að þeir sem vildu fengju máltíðir sendar upp í íbúðir sínar og þeim veittur annar stuðningur. Þétt samstarf var á milli velferðarsviðs og rakningateymis, Almannafræðis og Rauða Krossins meðan á aðgerðum stóð.

Sameinuð heimaþjónusta í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Í þriðju bylgju Covid-19 hefur mikið mætt á starfsfólki heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Hópsýkingin sem kom upp á Landakoti hafði mikil áhrif þar og síðar einnig hópsýkingin í Hvassaleiti. Tveir starfsmenn heimaþjónustu smituðust af Covid-19 og þegar mest var voru átta starfsmenn í sóttkví á sama tíma. Um 20 notendur heimaþjónustu voru í sóttkví samtímis, auk þess að þrír notendur voru í einangrun heima. Allt olli þetta álagi á starfsfólk sem sinnti fólki í sóttkví og einangrun í fullum hlífðarbúningi – með grímur, gleraugu og hanska. Einnig vakti það sorg í starfsmannahópnum að sjö einstaklingar sem fá heimahjúkrun frá ÞLH létust á Landspítalanum af völdum Covid-19.

Heimili fyrir konur með heilabilun

Einn starfsmaður og einn íbúi á heimili fyrir konur með heilabilun greindust með Covid-19 í nóvemberbyrjun. Sjö starfsmenn velferðarsviðs og sjö íbúar heimilisins fóru í sóttkví. Íbúinn sem sýktist var strax fluttur á spítala. Áskorun fólst í því verja konurnar og starfsmenn fyrir sýkingu, þar sem þær eru allar með heilabilun og búa í miklu návígi hver við aðra. Heimilið var því meðhöndlað líkt og þær hefðu allar smitast og starfsfólk sinnti þeim með hanska, grímur og í hlífðarbúningi. Settir voru gámar fyrir utan húsið með starfsmannaaðstöðu, salerni og sturtu. Konunum þótti sumum erfitt að skilja hvers vegna allt starfsfólk var í búningi en allt kapp var lagt á að þeim liði sem best við þessar aðstæður. Þá var mikil áhersla lögð á að halda aðstandendum vel upplýstum með símtali í upphafi og daglegum upplýsingapóstum eftir það.

Ýmsar aðgerðir

Í þriðju bylgju Covid-19 hafa komið upp ófyrirséðar og alvarlegar aðstæður sem nauðsynlegt hefur verið að bregðast við með markvissum og hröðum aðgerðum. Í öllum tilvikum hefur góð samvinna og lausnamiðuð nálgun verið lykilatriði, hvort sem er á milli stofnana eða sviða Reykjavíkurborgar.

Farsóttarhús fyrir fólk með alvarlegan vímuefnavanda

Í byrjun október kom upp smit hjá starfsmanni neyðarskýlis í Grandagarði. Nokkuð stór hópur gesta átti að fara í sóttkví og var tekið á móti þeim í sóttvarnahúsi á Rauðarárstíg. Velferðarsvið kom meðal annars að mönnun hússins, auk geðdeildar Landspítalans. Smitið kom upp þegar þriðja bylgja Covid-19 var í hámarki og var strax ljóst að ekki var auðvelt að sinna þörfum einstaklinga með alvarlegan vímuefnavanda þar. Atvikið undirstrikaði þörf á sóttvarnahúsi þar sem einstaklingar fengju heilbrigðisþjónustu, skaðaminnkun, viðhaldsmeðferð og stuðning frá meðferðarteymi LSH, Covid-19 teyminu, SÁÁ og/eða fíknigeðdeild LSH. Eftir umfangsmikið samráð velferðarsviðs, Rauða krossins, Almannafræðis, Heilsugæslunnar og lögreglu var tekin ákvörðun um

að opna sóttvarnahús á Fosshótel Barón sérstaklega fyrir þennan hóp og var það opnað opnað 17. október. Nú, mánuði síðar, hafa allir verið útskrifaðir þaðan og sóttvarnahúsinu því verið lokað.

Hjálpræðisherinn flýtir opnun

Hertar sóttvarnaráðstafanir hafa haft þau áhrif að einstaklingar með flóknar þjónustufarir hafa misst nauðsynlega þjónustu, þar sem þeir hafa meðal annars borðað inni á kaffistofu Samhjálp og átt athvarf á krám, í sundlaugum, á bókasöfnum og öðrum almenningstöðum. Öllum þessum stöðum hefur verið lokað en kaffistofa Samhjálp hefur afgreitt mat til einstaklinga sem hafa þurft að taka hann með sér. Brýnt er að koma upp viðvarandi aðstöðu fyrir hópinn, þar sem hann getur komið saman, fengið hádegismat og aðra þjónustu. Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og félagsmálaráðuneytið hafa því átt í viðræðum við Hjálpræðisherinn sem mun bjóða hópnum aðstöðu í nýju húsnæði að Suðurlandsbraut 72. Hefur verið sótt um styrk í Jöfnunarsjóð og ef styrkur verður samþykktur mun Hjálpræðisherinn fá liðsstyrk til að ráða fólk af atvinnuleysisráði til að taka á móti hópnum.

Bakverðir MOF og ÍTR koma til aðstoðar

Af sömu ástæðum og raktar eru hér að ofan þótti nauðsynlegt að rýmka opnunartíma neyðarskýla borgarinnar, sem eru nú opin allan sólarhringinn. Þar að auki var tekin ákvörðun um að halda tímabundnu neyðarskýli fyrir konur áfram opnu, en það var sett á fót í fyrstu bylgju Covid-19 þar sem ekki er hægt að tryggja tveggja metra fjarlægðarmörk í Konukoti. Til að halda kostnaði við aukinn opnunartíma í lágmarki hafa vaktir í neyðarskýlum verið mannaðar af starfsfólki menningar- og ferðamálasviðs og íþrótt- og tómstundasviðs. Starfsfólk af MOF hefur einnig tekið þátt í umfangsmiklu átaksverkefni sem felst í að hringja í alla eldri borgara í Reykjavík sem eru 85 ára og eldri, til að kanna hagi þeirra og líðan. Byrjað var að hringja 6. nóvember og bendir flest til þess að náist að hringja í alla 85 ára og eldri sem búa einir, samtals 773 manns. Margt fólk hefur lýst yfir ánægju með að fá símtalið og í ljós hefur komið að sumt þeirra vantar aðstoð. Er því þá beint áfram til ráðgjafa á þjónustumiðstöð. Ef tekst að hringja í alla eldri en 85 ára verður næst hringt í 80–84 ára og loks í 75–79 ára. Umfangið veltur á því hversu lengi stofnanir MOF verða lokaðar en alls hafa 32 starfsmenn sviðsins sinnt úthringingum, ásamt því starfsfólki velferðarsviðs sem starfar í félagsmiðstöðvum. Verkefnastjórar frístundamála á þjónustumiðstöðvum hafa haft veg og vanda af skipulagningunni ásamt mannauðsdeildum sviðanna.

Sýkingavarna- og öryggisteymi sett á fót

Í þriðju bylgju Covid-19 hefur mikið álag verið á sóttvarnanefnd neyðarstjórnar velferðarsviðs sem segja má að hafi verið á stöðugri bakvakt við ráðgjöf varðandi sóttvarnir þegar upp hafa komið smit eða grunur um smit. Sviðsstjóri hóf í því samhengi viðræður við Embætti landlæknis og óskaði eftir því að sett yrði saman teymi sem starfaði á landsvísu, væri til taks allan sólarhringinn og hefði það hlutverk að bregðast hratt við þegar upp koma smit. Sýkingavarna- og öryggisteymi hefur verið sett saman, sem hefur það hlutverk að bregðast hratt við kalli frá hjúkrunarheimilum en fær einnig það hlutverk núna að sinna velferðarþjónustu þegar upp kemur COVID-19-smit. Í teyminu verða fulltrúar frá Landlækni, Landspítala og hjúkrunarheimilinu Eir. Þessa

vikuna fer fram „æfing“ í búsetukjarna, á vistheimili, í þjónustuíbúðakjarna og neyðarskýli á vegum velferðarsviðs þar sem smitvarnir eru teknar út og farið yfir þá ráðgjöf og þann stuðning sem teymið gæti veitt stjórnendum starfsstaðarins.

Upplýsingagjöf um Covid-19

Rík áhersla hefur verið lögð á reglulega upplýsingagjöf í þriðju bylgju Covid-19, bæði inn á við og út á við. Sviðsstjóri hefur sent reglulega upplýsingapósta til starfsfólks á íslensku, ensku og pólsku, bæði á Workplace og með tölvupósti. Einnig hafa verið gerð veggspjöld með upplýsingum á tungumálunum þremur. Fréttatilkynningar hafa verið sendar um stöðu mála á sviðinu. Fjölmíðlar hafa í kjölfarið og að eigin frumkvæði óskað upplýsinga um stöðuna á sviðinu og hefur mikið verið lagt upp úr að veita greiða leið að þeim. Þá heldur sviðið úti upplýsingasíðu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar undir nafninu Covid-19 upplýsingaveita þar sem leitast er við að miðla öllum mikilvægum upplýsingum um faraldurinn um leið og þær berast.

Neyðarstjórn velferðarsviðs hefur fundað hátt í 20 sinnum frá því að þriðja bylgja Covid-19 skall á. Stöðug samskipti eiga sér stað milli undirteyma neyðarstjórnar sem bera ábyrgð á hverjum málaflokki fyrir sig, við stjórnendur á sviðinu. Sóttvarnanefnd neyðarstjórnar velferðarsviðs hefur jafnframt gegnt mikilvægu hlutverki í beinni upplýsingagjöf. Nefndin hefur meðal annars unnið leiðbeiningar í samstarfi við Almannavarnir og Embætti landlæknis sem gilda fyrir starfsfólk velferðarþjónustu og nýst hafa öðrum sveitarfélögum. Þá hafa forstöðumenn í húsnaði fyrir fatlað fólk, sem hafa reynslu af því að smit komi upp hjá íbúum, miðlað þekkingu til forstöðumanna annarra sveitarfélaga. Nefndin hefur fundað reglulega með forstöðumönnum og framkvæmdastjórum á sviðinu til að tryggja að nýjustu leiðbeiningum sé fylgt á öllu sviðinu. Auk þess hefur nefndin fundað daglega með forstöðumönnum starfsstaða þar sem upp hafa komið smit eða íbúar hafa þurft að fara í sóttkví.

Fjárhagsleg greining

Heildarkostnaður vegna Covid-19 fyrir tímabilið janúar til september 2020 er tæpur 1,2 ma.kr. og tekjutap er áætlað um 96 m.kr. Kostnaður vegna launa vegur þar þýngst eða um 675 m.kr. Þá eru laun vegna atvinnuáttaks meðtalin en þau voru um 225 m.kr. Annar launakostnaður er metin um 450 m.kr. Til að tryggja öryggi og heilsu notenda þurfti að skipta upp starfsmannahópum í mismunandi vaktahópa sem hittust ekki innan eða starfsstaðar. Það var gert til að koma í veg fyrir að starfsmannahópurinn færi ekki allur í sóttkví ef upp kæmi smit hjá starfsmanni, sem og að draga úr líkum á smiti milli starfsmanna. Breyta þurfti vaktaplani starfsmanna með stuttum fyrirvara og samkvæmt kjarasamningum. Sökum Covid-19 hefur einstaklingum er þiggja fjárhagsaðstoð fjölgað en útgjöld í fjárhagsaðstoð fylgja efnahagssveiflum og líður tiltölulega stuttur tími þar til sú breyting speglast í tölum um fjárhagsaðstoð.